

## AUGLÝSING

55

10. sept.

## um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Ítalíu.

Með erindaskiptum í Róm milli Péturs Benediktssonar sendiherra og M. Angelo Corrias, yfirmanns viðskiptadeildar ítalska utanríkisráðuneytisins, var hinn 27. júní 1953 gert samkomulag, varðandi viðskipti Íslands og Ítalíu.

Samkomulagið gildir í eitt ár frá undirskriftardegi.

Með samkomulagi þessu fallast Ísland og Ítalía á að greiða fyrir innflutningi frá hvoru landinu til hins eins og mögulegt er, og með hliðsjón af því, að innflutningur er nú frjáls í Ítalíu á öllum útflutningsvörum Íslands, og að viðskiptajöfnuður milli þessara landa hefur verið mjög Íslandi í hag, fellst ríkisstjórn Íslands á, að reyna eftir megni að hafa áhrif í þá átt að innflutningur frá Ítalíu aukist, til að breyta því ástandi.

Um leið og ofanefnd erindaskipti fóru fram, var tilkynnt af Ítala hálfu með sérstöku erindi, að þær ítalskar afurðir, sem ítalska ríkisstjórnin teldi sérstaklega æskilegt að fluttar yrðu til Íslands, væru þessar:

Ávextir, nýir og þurrkaðir,  
matvæli,  
vín, vermouthe og líkjörar,  
sjávarsalt,  
þráður og vefnaður alls konar,  
vélar og tæki,  
rafmagnsvörur,  
verkfæri og tæki fyrir listiðnað og handiðnað,  
lyfjavörur,  
bifreiðahjólbarðar og aðrar gúmmívörur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 10. september 1953.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

## AUGLÝSING

56

10. sept.

## um viðskiptasamning milli Íslands og Brasilíu.

Með erindaskiptum í Rio de Janeiro milli Thor Thors, sendiherra Íslands í Brasilíu, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, og Joao Neves da Fontoura, utanríkisráðherra Brasilíu, fyrir hönd ríkisstjórnar Brasilíu, var hinn 5. júní 1953 gerður samningur um viðskipti Íslands og Brasilíu.

Samkvæmt samningi þessum leyfir íslenska ríkisstjórnin útflutning til Brasilíu á saltfiski fyrir allt að 800 000 sterlingspund, og ríkisstjórn Brasilíu leyfir útflutning til Íslands á kaffi fyrir 600 000 sterlingspund, og á húðum, hnetum, jurtaolium, kakaófeiti, ull, baðmullarvörum, ullarvörum, sykri, ávöxtum og öðrum vörum fyrir 200 000 sterlingspund.

56  
10. sept. Brasília mun heimila innflutning á saltfiski frá Íslandi með hliðsjón af því, að fyrir komi útflutningur á vörum frá Brasilíu fyrir um það bil sömu fjárhæð.

Hinar brasilísku vörur, sem seldar verða til Íslands og hinn íslenski saltfiskur, sem seldur verður til Brasilíu, skulu eingöngu vera til innanlandsneyzlu í hvoru landinu um sig, nema sérstaklega sé um annað samið hverju sinni.

Greiðslur fyrir vörur, sem seldar eru samkvæmt samningi þessum, skulu fara fram á þann hátt, sem Banco do Brasil S/A og Landsbanki Íslands koma sér saman um.

Til að auðvelda framkvæmd samningsins er stofnuð nefnd með fulltrúum beggja landanna, er kemur saman þegar annar hvor aðilinn óskar. Nefnd þessi getur gert tillögur um breytingar á samningnum, og skulu slíkar breytingar taka gildi, ef báðar ríkisstjórnirnar fallast á þær, og skiptast á orðsendingum þar að lútandi.

Samningurinn gengur í gildi 1. júlí 1953 og gildir í eitt ár. Hann framlengist síðan sjálfkrafa um eitt ár í senn, nema annar hvor samningsaðilinn segi honum upp með 60 daga fyrirvara.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 10. september 1953.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

57  
10. sept.

## AUGLÝSING

### um viðskiptasamning milli Íslands og Svíþjóðar.

Hinn 3. júlí var undirrituð í Stokkhólmi bókun um viðskipti Íslands og Svíþjóðar á tímabilinu 1. apríl 1953 til 31. marz 1954.

Bókun þessi, sem er samhljóða bókun frá 31. marz 1952 (Stj.tíð. 1952, A. nr. 47) að öðru leyti en því, er til gildistímans tekur, var undirrituð fyrir Íslands hönd af dr. Helga P. Briem, sendiherra, en fyrir hönd Svíþjóðar af Ingvar Lindell, settum utanríkisráðherra Svíþjóðar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 10. september 1953.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Magnús V. Magnússon.*